

Listamennirnir við myndir sínar. (Tímamynd GE)

Vinnan-fólkið-landið á Kjarvalsstöðum

Það verður ætíðara að myndlistarsýningar séu haldnar undir kjörordum. Það verður að segjast eins og er, að oft reynast slíkar yfirlýsingar heldur innihaldslitlar, og á stundum jafnvel villandi. Minna ef til vill svoltið á þegar tónskáld lýsa atburðum, ljóða eða söguefni með hljóðfærslætti einum saman.

Myndlist og yfirlýsingar

Þetta verður á hinn bóginn varla sagt um sýninguna VINNAN — FÓLKID — LANDIÐ, sem nú er haldin á Kjarvalsstöðum, því þar er nefnilega staðið við yfirlýsinguna til fulls. Þar er verið að vinna, skipa upp, rafsjóða, sópa götur og menn eru í kaffi. Atta metra mynd er af Hörgárdal, (60 cm á hæð), enda er dalurinn langur, og segja má að í rauninni sé hvergi farið útfyrir slagorðin, eða yfirlýsinguna, sem er ágætt og til eftirbreytni.

Það eru tveir listamenn er þarna sýna, þeir Sigurður Þórir Sigurðsson (f. 1948) og Guðmundur Armann Sigurjónsson frá Akureyri (f. 1944).

Þeir skipta með sér vestursal Kjarvalsstaða, nokkurn veginn til helminga.

Þetta er að mörgu leyti sérstæð og áhugaverð sýning, tveir menn, ólíkir annars í flestu er málverkið varðar, vinna að sams konar mótvímum og sýna saman myndir.

Að vísu má segja sem svo að viðhorfin séu lík. Þeir gjöra myndir af fólki í starfi. Það er ekki verið að berja verkamenn þarna, eins og á Listahátíðinni (kvikmyndir), ekki verið að amast við aðbúnaði á vinnustöðum. Þráldóminum og gúlakkinu eru ekki gjörð nein sérstök skil, heldur eru þetta myndir eins og Stalin lét mála í Sovétríkjunum, og Jónas frá Hríflu sagði um hin frægu orð: Það má Stalin eiga að hann lét mála góðar myndir.

Ef til vill er þetta sjónarmið út af fyrir sig, en þó hefði viss lífsbarátta og sá veruleiki, er við nefnum lífsháska mátt koma betur í ljós, því það er nú einu sinni staðreynd að þetta er land yfirvinnunnar, landið sem róð er í manndrapsveðrum til að vitja um þorskanet, (þeir sem ekki vitja um daglega missa leyfin), verstöðina, þar sem menn standa upp í háls í fiski, til þess að unnt sé að borga tólf milljarða, gamla, til að stunda skólarannsóknir og veita námslán í framhaldsnám í miklum fræðum.

Hin skapandi hönd fær sumse aðeins að sitja fyrir, án félagslegrar skoðunar. Þögli meirihlutinn er malerískur, það er allt og sumt.

Jónas Guðmundsson MYNDLIST

Guðmundur Armann Sigurjónsson

Guðmundur Armann Sigurjónsson er fæddur í Reykjavík, en er nú búsettur norður á Akureyri. Hann nam við Myndlista- og handíbaskóla Íslands á árunum 1963-77, eða sumse kornungur. Eftir það tók við nám í Valandskonstskola í Svíþjóð, en fyrstu einkasýningu sína hélt hann í Galleri Sím árið 1972. Þá hefur hann tekið þátt í mörgum samsýningum.

Guðmundur Armann er vel liðtækur málari, er kann vel sín mörk. Hann er hófsamur í lit,

einnig fæddur í Reykjavík, og hann stundaði nám við Myndlista- og handíbaskóla Íslands á árunum 1968-70. Síðan lá leiðin í Listaháskólann í Kaupmannahöfn, þar sem hann var undir húsaga hjá professor Dan Sterup-Hansen í fjögur ár.

Sigurður Þórir sýnir málverk og grafík og viðfangsefnið er atvinnulífið. Eg er hrifnari af grafíkinni en olíumyndunum, sem eru slæmar í lit, og stundum bæði í lit og teikningu, og vil ég varðandi bæði þessi atriði benda á mynd yfir afgreiðsluborði.

Af olíumyndunum fannst mér Húsamálariinn einna skemmtilegastur.

Grafíkin er öllu betri, og besta myndin þótti mér nr. 15, eða Þokinn tekinn. Þar er það allt,



Tvö verk eftir þá Guðmund Armann Sigurjónsson og Sigurð Þóri Sigurðsson.

oft dálítið nískur, liggur manni við að segja, en hann skerpir ljósið oft skemmtilega, og má það sjá t.d. í litilli mynd af karlmanni rétt við innganginn.

Mikil tilþrif eru í sumum teikningum hans með viðarkolum. Þær myndir eru að vísu ekki eins agaðar, en í þeim er meiri upplifun en í öðrum myndverkum. Þá er grafíkin einnig góð, og sem dæmi má nefna dúkristuna A kaffistofunni og olíumynd af sama mótvívi. Þar er gaffíkin mun meira stemningsverk en olíumyndin. Besta olíumyndin þótti mér Móðir og barn, það er fögur mynd og vel gjörð.

Guðmundur Armann er sýnilega vandvirkur eljumaður og verður fróðlegt að vita hvernig honum reidir af.

Sigurður Þórir Sigurðsson

Sigurður Þórir Sigurðsson er



veðurfar, spenna og lifandi líf. Járnamaðurinn athugar teikningar er einnig skemmtileg mynd.

Sigurður Þórir hefur hlotið langa skólagöngu. Það eru viss tilþrif í myndum hans, sem bera vitni um hæfileika. En hann þrfti að endurskoða litameðferð og jafna nákvæmnina, en með því er átt við að einstakir hlutar myndanna eru oft vel gjörðir, en höndunum er svo kastað til á öðrum stöðum í sömu mynd.

Tilkoma vinnandi manna í bókmenntir varð til góðs, og það ætti atvinnulífið einnig að verða í myndlist, enda gefa menn nú hinum almenna borgara, í starfi og leik, tækjum hans og umhverfi, meiri gaum en áður.

Þessi sýning er framlag, þanneigin að hún vekur athygli á nýjum viðfangsefnum í myndlist. Tækniöldinni.

Sýningunni lýkur 22. febrúar. Jónas Guðmundsson

Staða skólastjóra

við nýjan grunnskóla á Akranesi, Grundarskóla er laus til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 1. mars. Upplýsingar gefur formaður skólanefndar í síma 93-2326.

Skólanefnd.

Sjómenn

2 háseta vantar á netabát sem er að hefja veiðar. Upplýsingar í síma 99-3208 og 99-3256 á kvöldin.

Ökukennsla

— Æfingartímar

Kenni á VW Passat. Útvega öll prófgögn, fullkominn ökuskóli tryggir hagkvæma kennslu. Nemendur greiði aðeins fyrir tekna tíma.

Ævar Friðriksson
ökukennari, sími 72493.

UBO básmottur



Stærðir:
1,3x1 m
1,4x1 m
1,5x1 m


- UBO básmottur skapa betra heilsufar búpenings
- UBO básmottur einangra frá gólfkulda
- UBO básmottur eru slitsterkar og endingargóðar
- UBO básmottur er auðvelt að þrifa

PÓRÆ ARMÚLA 11

Pípulagnir

Tökum að okkur nýlagnir, viðgerðir og hitastillingar, hvar sem er á landinu. Ábyrg þjónusta. Sími eftir kl.18 og allar helgar Benedikt 32186 — Geir 43025.

ERT ÞÚ viðbúinn vetrarakstri?



Bílpartasalan Höfðatúni 10, sími 11397. Höfum notaða varahluti í flestar gerðir bíla, t.d. vökvastýri, vatnskassa, fjaðrir, rafgeyma, vélar, felgur o.fl. í Ch. Chevette '68 Dodge Coronette '68 Volga '73 Austin Mini '75 Morris Marina '74 Sunbeam '72 Peugeot 504, 404, 204, '70, '74 Volvo Amazon '66 Willys jeppi '55 Cortina '68, '74 Toyota Mark II '72 Toyota Corona '68 VW 1300 '71 Fiat 127 '73 Dodge Dart '72 Austin Gipsy '66 Citroen Pallaz '73 Citroen Ami '72 Hilman Hunter '71 Trabant '70 Hornet '71 Vauxhall Viva '72 Höfum mikið úrval af kerruefnum. Bílpartasalan, Höfðatúni 10. Símar 11397 og 26763. Opíð kl. 9-7, laugardaga kl. 10-3. Höfum opíð í hádeginu. Bílpartasalan, Höfðatúni 10.